



ANSA og NTV: Stjórnun viðskiptaferla, leiðbeinandi, Magnús Ívar Guðfinnsson framkvæmdastjóri ANSA ehf.

Samantekt á starfsferli, menntun og reynslu

Magnús Ívar Guðfinnsson er viðskiptafræðingur sem starfað hefur að ferlamálum og umbótum í rekstri sl. 15 ár. Magnús Ívar stundaði nám í alþjóða viðskiptafræði við háskólann í Alabama í Bandaríkjunum. Aukagrein (e. minor) Magnúsar í háskólanáminu í Bandaríkjunum var austur asía og iðnaðarsaga Japans. Hann útskrifaðist með MSc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Hluti af MSc. náminu fór fram í Norwegian School of Management – BI í Osló í Noregi.

Magnús Ívar hefur unnið í ráðgjöf í stefnumótun, ferlamálum og úrbótum í rekstri hjá framsæknum fyrirtækjum og stofnunum hérlendis sem og í verkefnum erlendis. Starfsreynsla Magnúsar Ívars spannar m.a. Símann, Mílu, Vodafone, Deloitte, Össur og Marel. Hjá Össur starfaði Magnús í fjögur ár sem verkefnastjóri í stefnumótandi verkefnum og breytingastjórnun með áherslu á stjórnun viðskiptaferla í forgrunni. Þá starfaði hann í fimm ár sem forstöðumaður þjónustu (e. global service) hjá Marel í miklum umbreytingum á þjónustu hjá fyrirtækinu.

Magnús Ívar er stofnandi og framkvæmdastjóri ANSA ehf. sem vinnur með viðskiptavinum við að ná bættum árangri í rekstri með umbreytingu ferla ásamt faglegri verkefna- og breytingastjórnun. Undanfarin ár hefur Magnús Ívar verið stundakennari við Háskóla Íslands þar sem hann kennir nemendum í iðnarverkfræði áfangana greining ferla og kerfa ásamt straumlínustjórnun (e. Lean Management).

Magnús Ívar höfundur bókarinnar Horft til framtíðar: Stefnumótun í lifandi fyrirtæki. Hann er vottaður Business Process Management Professional og er með svarta beltið í Lean Six Sigma. Magnús Ívar er einn fremsti ráðgjafi hérlendis á sviði stefnumótunar, viðskiptaþróunar og umbreytinga á verklagi hjá fyrirtækjum og stofnunum.